



**Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Island

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

21. apríl 2006

Skjalanúmer: 57.0

Tilvísun: UST20060300157/KG

Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, 612. mál

Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar, dags. 28. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, 612. mál.

Umhverfisstofnun vísar til þess að í framangreindu erindi nefndarinnar er jafnframt óskað umsagnar stofnunarinnar um 4 önnur frumvörp en öll þessi mál tengjast endurskoðun á núgildandi lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Athugasemdir um þá heildarendurskoðun er að finna í umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál (tilvísunarnúmer UST20060300158).

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 4. gr. frumvarpsins er hlutverk Veiðimálastofnunar útvíkkað umtalsvert frá því sem lýst er í gildandi lögum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að Veiðimálastofnun sem rannsóknastofnun (sbr. 1. gr.) sé sjálfstæð og starfsemin aðskilin frá stjórnsýslulegum hlutverkum, sbr. 2. og 9. tl. 4. gr.

Umhverfisstofnun hefur þann skilning að stjórnsýsla þessara mála sé á verksviði Landbúnaðarstofnunar (sem arftaka embættis veiðimálastjóra). Landbúnaðarstofnun geti hins vegar (eins og aðrir) leitað faglegs álit Veiðimálastofnunar á gæðum gagna. Umhverfisstofnun leggur til að orðalagi framangreindra tölulíða verði breytt sem hér segir:


2. tl. að stuðla að því að nýting ferskvatnsvistkerfa sé sjálfbær

9. tl. að veita upplýsingar og faglegt álit á gögnum

Óski landbúnaðarnefnd eftir ítarlegri umfjöllun stofnunarinnar um einstök atriði er stofnunin að sjálfsögðu reiðubúin til þess, sem og að senda fulltrúa sína á fund nefndarinnar.

Virðingarfyllst,


Davíð Egilson
forstjóri


Sigrubjörg Gísladóttir
forstöðumaður